

Hellborg gegn Svíþjóð

Dómur frá 28. febrúar 2006

Mál nr. 47473/99

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Málsmeðferð innan hæfilegs tíma. Munnleg málsmeðferð. Lóðarkvaðir. Byggingarleyfi.

1. Málsatvik

Kærandi, Bengt Hellborg, er sænskur ríkisborgari (f. 1940) og býr í Svíþjóð.

Faðir kæranda lagði árið 1989 fram fyrirspurn um hvort honum væri heimilt að reisa viðbyggingu á lóð sinni. Fyrirspurninni var svarað neitandi í ágúst 1991 en svo fallist á hana með forákvörðun í apríl 1992 eftir að nýtt deiliskipulag fyrir svæðið hafði verið fellt úr gildi. Þá var kærandi orðinn eigandi eignarinnar eftir lát föður síns. Samkvæmt ákvörðuninni átti kærandi rétt á byggingarleyfi ef sótt yrði um það innan tveggja ára. Kærandi sótti um byggingarleyfi í október 1992. Í febrúar 1997 hafnaði byggingarnefnd beiðni kæranda um byggingarleyfi, en þá hafði nýtt deiliskipulag sem tók mið af viðbyggingu kæranda verið fellt úr gildi að kröfu eigenda tveggja nágrannalóða. Þá var forákvörðunin frá apríl 1992 felld úr gildi í mars 2000. Kærandi skaut málinu til sænskra dómstóla án árangurs. Við meðferð málsins hjá áfrýjunardómstól var beiðni hans um munnlega meðferð málsins hafnað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn friðhelgi eignarréttar hans samkvæmt 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann þar sem honum hefði ekki verið leyft að byggja á lóð sinni. Þá taldi hann lengd málsmeðferðar vegna byggingarleyfisins hafa verið óhóflega og synjun um að málið fengi munnlega málsmeðferð fyrir dómi leiða til þess að réttur hans samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans hefði verið brotinn.

Niðurstaða

1. gr. 1. viðauka: Dómstóllinn taldi að í samræmi við forákvörðun í apríl 1992 hefði hvílt sú skylda á byggingarnefndinni að sænskum lögum að gefa út byggingarleyfi til kæranda þegar hann sótti um það í október sama ár. Þar sem byggingarnefndin hafði ekki gert það taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Skipti þá einu þótt útgáfa byggingarleyfisins hefði hugsanlega orðið tilefni til aðgerða af hálfu nágranna kæranda. Var því talið að brotið hefði verið gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans að því er varðaði rétt kæranda til að nýta eign sína. Að öðru leyti var hins vegar ekki talið að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt greininni.

1. mgr. 6. gr. sáttmálans: Áfrýjun kæranda til æðri dómstóls varðaði málefni sem snerti túlkun laga og hugsanlega einnig staðreyndir máls. Dómstóllinn taldi engar haldbærar ástæður fyrir því að kæranda var neitað um að málið yrði flutt munnlega. Meðferð máls kæranda í heild hófst 14. ágúst 1991 og lauk 15. september 2004. Með tilliti til atvika málsins taldi dómstóllinn þann tíma óhóflega langan og ekki í samræmi við kröfu greinarinnar um að málsmeðferð sé innan hæfilegs tíma. Var það því samhljóða álit dómstólsins að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Ekki var fallist á það sjónarmið sænska ríkisins að kærandi hefði ekki orðið fyrir neinu tjóni. Dómstóllinn dæmdi kæranda 25.000 evrur fyrir fjárhagslegt og ófjárhagslegt tjón auk 17.200 evra í málskostnað.